

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**52. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 21. júní 2005, kl. 18:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður fyrir Valtý Valtyssón, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þróstur Sigurðsson, Lúðvík Bergmann, Heimir Hafsteinsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Einnig sitja fundinn að hluta Heiðrún Ólafsdóttir, varamaður fyrir Guðmund Inga Gunnlaugsson og Þórhallur Svavarsson, varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

Engin fundargerð liggar fyrir.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

Engin fundargerð liggar fyrir.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis - stjórnarfundur 2/6'05 í 7 liðum.

### **4 Ársreikningar - síðari umræða:**

- 4.1 Rangárþing ytra - 2004
- 4.2 Menningarmiðstöðin Laugalandi - 2004
- 4.3 Leiguðbúðir Laugalandi - 2004
- 4.4 Leikskólinn Laugalandi - 2004
- 4.5 Eignasjóður Laugalandsskóla - 2004
- 4.6 Holtaveitan fyrir árin 2003 og 2004

Bókun við afgreiðslu Ársreikninga 2004 fyrir Rangárþing ytra og stofnanir í sameiginlegri eigu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Ársreikningur ársins 2004 liggar nú fyrir. Hér að neðan í töflu má lita helstu stærðir í rekstri Rangárþings ytra, til samanburðar frá árunum 2002 til 2004.

Tölur í milljónum kr.

	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
<b>Heildartekjur A og B hluta</b>	495,1	539,1	560,7
<b>Rekstrargjöld m. fjárm.liðum, A-B</b>	533,0	596,7	648,9
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð), A-B</b>	(37,9)	(57,6)	(88,2)
<b>Heildareignir A og B hluta</b>	1.109,4	1.031,9	1.050,6
<b>Skuldir og skuldbind. A og B hluta</b>	554,1	534,3	621,7
<b>Samant. eigið fé A og B hluta</b>	555,3	497,6	428,9
<b>Veltufé frá/(til) rekstri/ar A og B hl.</b>	2,9	(8,0)	9,2
<b>Fjárfestingar A og B hluta</b>	174,7	17,4	54,4 <sup>1)</sup>
<b>Fjárfesting A hluta</b>		12,1	33,7

<b>Eignir í kr. á íbúa, samant. A-B hl.</b>	769.334	718.612	724.558
<b>Eigið fé í kr. á íbúa, samant. A-B hl.</b>	385.067	346.554	295.799
<b>Skuldir í kr. á íbúa, samant. A-B hl.</b>	384.268	372.059	428.758

<sup>1)</sup>Fjárfestingar A og B hl. Þar kemur inn hlutur Húsakynna bs., sem er nýlunda.

Eins og sjá má hér að ofan þá er þróunin að verulegu leyti óhagstæð. Rekstrarniðurstaða ársins 2004 er slæm, innifalið þar er 43,2 millj. kr. hlutur Rangárþings ytra í sölutapi vegna hinna ævintýralegu fjárfestinga í Giljatanga á Laugalandi. Þessi einstaka niðurfærla breytir ekki því að rekstrarniðurstaða ársins er óviðunandi og að auki verulega úr takti við fjárhagsáætlun ársins. Í fjárhagsáætlun 2004 var gert ráð fyrir 65,7 millj. kr. halla og munar því 22,6 millj. kr. á áætlun og rauverulegri niðurstöðu ársins. Samkvæmt greinargerð sveitarstjóra þá er hlutur starfsmatsins í þessum mismun 10,5 millj. króna og sjálfsagt að taka tilit til þess. Prátt fyrir þetta telst þessi munur, að okkar mati, vera of mikill og nauðsynlegt enn og aftur að brýna menn hvað varðar vinnubrögð við áætlanagerð og eftirfylgni í rekstrinum. Sérstaklega er vert að vísa aftur í greinargerð sveitarstjóra í þessu sambandi þar sem minnst er á fjárfestingu, framkvæmdir og búnaðarkaup við kennsluhús Grunnskólans á Hellu og mótmeyti sama skóla í Íþróttahúsinu á Hellu. Þar er greinilegt að verulegur misbrestur hefur verið á stýringu og virkri áætlanagerð.

Það skal áréttæð að, eins og sjá má á liðnum veltuð frá rekstri, þá er bati í rekstri sveitarfélagsins á milli ára og er það vel. Hins vegar er ljóst að þessi bati er ekki nægilegur og sýnir að meirihlutí sveitarstjórnar Rangárþings ytra er ekki að taka á rekstri sveitarfélagsins með nægilega föstum tökum. Það þarf meira til að ná árangri og eins og undirritaðir hafa bent á þá þarf að skoða starfsemi sveitarfélagsins frá grunni og marka stefnu til framtíðar. Það hefur ekki verið gert með skilvirkum hætti.

Hin vaxandi skuldaaukning er ekki síður áhyggjuefni. Skuldir á hvern íbúa hafa aukist á milli ára. Vaxandi skuldsetning til að eiga fyrir þeim veigalitu fjárfestingum sem ráðist hefur verið í árinu og til að laga lausafjáristöðu sveitarfélagsins. Þetta er áhyggjuefni sérstaklega í ljósi þess að hvergi er gert ráð fyrir fjármunum í þau stóru verkefni sem bíða og hafa setið á hakanum um of langt skeið og kosta hundruðir milljóna og er þá átt við veitumálin þ.e. vatnsveitu- og fráveitumál auk ýmissa annarra brýnna verkefna.

Nú sem áður koma fram varnaðarorð frá endurskoðendum sveitarfélagsins. Varað er sérstaklega við því að miðað við óbreyttar forsendur þá vantær 28,2 milljónir kr. á ári til að unnt verði að standa við afborganir langtímalána. Jafnframt er lögð áhersla á að yfirfara rekstrartekjur og gjöld allra stofnana til að bæta rekstrarniðurstaðu sveitarfélagsins. Hægt er að taka undir þessi varnaðarorð og enn og aftur leggjum við undirritaðir áherslu á nauðsyn þess að skera upp rekstur sveitarfélagsins og marka stefnu til framtíðar í helstu málaflokkum. Undirritaðir vísa jafnframt í bókun Ó- og K-lista við afgreiðslu Ársreikninga 2003, í fundargerð 34. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra. Þar kemur ýmislegt fram sem vert er að ítreka.

Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson og Þróstur Sigurðsson.

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar fulltrúa K- og Ó-lista í tilefni af afgreiðslu ársreikninga fyrir árið 2004, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 21. júní 2006:

Margt í bókun fulltrúa K- og Ó-lista er rétt með farið og málefnalegt en í sumum atriðum er farið út af rétti braut og verður fjallað um það í þessari bókun. Niðurstaða rekstrarreiknings síðastliðins árs er ekki viðunandi en eins og fram kemur í bókun K- og Ó-lista er stærsti hluti hallans á síðasta ári vegna sölutaps af leiguibúðum sem líta má á sem tiltekt og hluti af ráðstöfunum til þess að ná fram hagstæðari niðurstöðum í framtíðinni. Skuldaaukning er að miklu leyti vegna þess að skuldir Húsakynna bs. eru teknar inn í efnahagsreikning samstæðu og verðtryggingarhækunar upp á tærpar 18 milljónir. Að auki var lagður grunnur að minni fjármagnskostnaði en fyrr með skuldbreytingu á óhagstæðari skamntímamjármögnum í langtímalán.

Tekið er á rekstri sveitarfélagsins með eðlilega föstum tökum og vandséð er að öllu harðar verði gengið að stofnunum á þeim vettvangi.

Réttilega er bent á, að stór verkefni bíða á svíði vatnsveitna sveitarfélagsins. Ljóst er að þessum verkefnum þarf að forgangsraða og ráðast í þau eftir getu hverju sinni. Í heild er um mörg hundruð milljóna króna fjárfestingu að ræða sem allir sjá að ekki verða leyst nema í áföngum. Fráveitumálefni hafa verið á dagskrá og í áætlunum um fjárfestingar. Þetta málefni þarf að leysa svo lágmákskröfum verði náð á næstu 1 – 2 árum.

Stefnt hefur verið markvisst að því að ná fram bata í rekstri sveitarfélagsins og eru margar vísbindingar um að búast megi við að svo verði á árinu 2005 komi ekki fram áföll sem ekki er vitað um.

Sigurbjartur Pálsson. Engilbert Olgeirsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Sigrún Ólafsdóttir. Guðmundur Ingvar Gunnlaugsson.

Ársreikningarnir samþykktir með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá ( HH, VHS, PS).

**5. Landbúnaðarráðuneytið - beiðni um umsögn vegna landskipta:**

Lagt fram bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dagsett 9/6'05, þar sem óskað er eftir umsögn vegna landskipta að Stóra-Klofa samkvæmt framlögðum gögnum.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.

**6. Pétur og Ingibjörg Ásta Hafstein - beiðni um umsögn vegna samrunaskjals:**

Lagt fram bréf frá Pétri og Ingibjörgu Ástu Hafstein, dagsett 13/6'05, þar sem óskað er eftir umsögn vegna samrunaskjals fyrir Stokkalæk landnúmer 164554 og 195787 samkvæmt framlögðum gögnum.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við samrunaskjalið.

**7. Fornleifastofnun Íslands - ný drög að samningi um aðalskráningu fornleifa:**

Lögð fram ný drög að samningi um aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. Rangárþings ytra.

**8. Guðný Sigurðardóttir og Þórir Jónsson - um samskipti við skólastjóra og samkomulagsumleitanir:**

Lagt fram bréf frá Guðnýju Sigurðardóttur og Þóri Jónssyni, dagsett 14/6'05, varðandi samskipti við skólastjóra Grunnskólans á Hellu og samkomulagsumleitanir sveitarstjórnar. Guðmundur Ingi og Ingvar Pétur víkja af fundi vegna vanhæfis og í þeirra stað koma varamennirnir Heiðrún Ólafsdóttir og Þórhallur Svavarsson.

**Greinargerð og tillaga vegna erindis hjónanna Guðnýjar Sigurðardóttur og Þóris Jónssonar á Selalæk, og greinargerðar” skólastjórnenda Grunnskólans á Hellu þar um.**

Undirritaðir harma að skólastjórnendur Grunnskólans á Hellu skuli koma fram með þeim hætti sem fram kemur í erindi þeirra Selalækjarhjóna. Einnig áteljum við harðlega þá vanvirðu sem áðurnefndir skólastjórnendur sýna sveitarstjórn Rangárþings ytra, sem er þeirra yfirboðari, með “greinargerð” frá 18. maí 2005.

Það verður að teljast ámælisvert að stjórnendur mikilvægrar þjónustustofnunar á borð við Grunnskólann á Hellu geri sig seka um þá framkomu gagnvart foreldrum sem um ræðir í erindi Guðnýjar og Þóris. Þá hlýtur það að teljast skortur á stjórnun og færni í mannlegum samskiptum, af hálfu skólastjórnenda, að geta ekki leitt mál þetta til lykta á farsælan hátt innan stofnunarinnar og án afskipta hreppsnefndar sem yfirvalds.

Einnig vekur furðu okkar að sveitarstjóri skuli lýsa yfir vanhæfi í máli þessu. Við teljum að það sé hlutverk hans, sem yfirmanns, að taka á málum sem þessum og leiða þau til lykta fremur en að segja sig frá þeim með þeim hætti sem hann gerir. Í raun og veru þá er þetta mál starfsmannavandamál sem hlýtur að vera á verksviði sveitarstjóra að leysa.

“Greinargerð” skólastjórnenda frá 18. maí sl. er þeim til skammar og sú vanvirða sem hreppsnefnd er sýnd með framlagningu hennar er ámælisverð. Þegar hreppsnefnd biður um greinargerð varðandi mál sem þetta er ætlast til að lögð sé vinna í að svara og gera grein fyrir einstökum málsatvikum á viðeigandi hátt og skýra út málsatvik. Þetta er ekki gert og þessu til viðbótar skrifar skólastjóri Grunnskólans á Hellu ekki undir “greinargerðina” með eigin hendi.

Í ljósi erindis Guðnýjar og Þóris á Selalæk og ófullkominnar “greinargerðar” skólastjórnenda Grunnskólans á Hellu, taka undirritaðir undir kröfu Guðnýjar og Þóris um að áminna skólastjóra Grunnskólans á Hellu í starfi og krefjast þess að hann biðji hjónin á Selalæk afsökunar skriflega, ásamt því að koma á framfæri leidréttingu á ósönum fullyrðingum hans um að Þórir hafi sagt að starfsfólk skólans standi sig ekki í starfi.

Undirritaðir: Viðar H. Steinarsson, Heimir Hafsteinsson og Þróstur Sigurðsson.

Tillagan felld, 3 atkvæði með, 5 á móti (SP., EO., HÓ., PJS. og SÓ.) og 1 situr hjá (LB.).

Bókun vegna atriðis sem fram kemur í fellri tillögu fulltrúa K- og Ó-lista um deilu foreldranna Guðnýjar Sigurðardóttur og Þóris Jónssonar við skólastjórnendur í Grunnskólanum á Hellu, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 21. júní 2005:

Sagt er að sveitarstjóri hafi ekki átt að lýsa yfir vanhæfi í máli þessu en taka á því sem "starfsmannamáli". Þetta verður að teljast furðuleg niðurstaða fulltrúa K- og Ó-lista. Í fyrsta lagi ber sveitarstjórnarmanni samkvæmt sveitarstjórnarlögum að tilkynna um það, telji hann leika vafa á hæfi sínu og kveðja til varamann. Í öðru lagi er með ólíkindum að setja fram fullyrðingu um, að deila foreldra við skólastjórnendur sé "starfsmannavandamál". Hver og einn hlýtur að sjá að slíkt er firra.

Sigurbjartur Pálsson. Engilbert Olgeirsson. Sigrún Ólafsdóttir. Heiðrún Ólafsdóttir. Þórhallur J. Svavarsson.

Tillaga að ályktun hreppsnefndar Rangárþings ytra vegna erindis Guðnýjar Sigurðardóttur og Þóris Jónssonar vegna samskipta við skólastjórnendur Grunnskólangs á Hellu, lögð fram á fundi hreppsnefndarinnar þ. 21. júní 2005:

Hreppsnefnd Rangárþings ytra harmar að deila skuli hafa komið upp á milli foreldranna Guðnýjar Sigurðardóttur og Þóris Jónssonar, Selalæk á Rangárvöllum annars vegar og stjórnenda Grunnskólangs á Hellu hins vegar.

Fyrir liggur að aðilar eru ósammála um hvað þeim fór í milli vegna stöðu sem upp kom á haustdögum 2004, vegna gæslu barna utan kennslustunda. Það liggur einnig fyrir að skólinn hefur bætt úr því sem áfátt þótti vera í gæslu barnanna.

Fyrir liggur erindi frá foredrunum með kröfum um áminningu, dagsett 26. apríl 2005 og greinargerð samkvæmt tilmælum frá fundi hreppsnefndarinnar þ. 4. maí 2005 frá stjórnendum Grunnskólangs á Hellu.

Vegna kröfum um áminningu til handa skólastjóra Grunnskólangs á Hellu er bent á, að sönnunarbyrði er erfið, þegar ekki er samhljómur í frásögn aðila sem að málínuna koma og er sérstaklega bent á ákvæði 21. gr. L. nr. 70/1996 um réttiindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem einnig ná yfir starfsmenn sveitarfélaga. Eftirfarandi er eftirrit af téðri lagagrein:

*21. gr. Ef starfsmáður hefur sýnt i starfi sínu óstundvísí eða aðru vanrækslu, óhlyðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ólvadur að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að óðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala málí sinu ef það er unnt.*

Einnig má minna á ákvæði 2. málslíðar 7. gr. laga nr. 72/1996:

*7. gr. Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt i starfi sínu óstundvísí eða aðra vanrækslu, óhlyðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ólvadur að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að óðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.*

Þau gögn sem fyrir liggja í málínun gefa hreppsnefnd ekki tilefni til þess að veita viðkomandi skólastjórnendum áminningu eins og farið er fram á í erindi foreldranna.

Gerð hefur verið tilraun til þess að boða aðila saman til sáttafundar með oddvítu hreppsnefndar og formanni fræðslunefndar. Foreldramir sáu sér ekki fært að mæta á þann fund.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra hvetur viðkomandi foreldra og skólastjórnendur til þess að leita sáttu í málínun og leita allra leiða til þess að laða fram farsaél málalok án þess að til þurfi að koma formlegir úrskurðir opinberra aðila.

Bent er á, að menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með störfum grunnskóla og þangað er unnt að skjóta málum, geti aðilar ekki unað þeim niðurstöðum sem fást á vettvangi sveitarstjórnar.

Sigurbjartur Pálsson. Engilbert Olgeirsson. Sigrún Ólafsdóttir. Þórhallur J. Svavarsson. Heiðrún Ólafsdóttir.

Tillagan samþykkt, 5 atkvæði með og 4 sitja hjá (HH, VHS, PS, LB).

## **9. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

- 9.1 Stjórn Íbúðalánaþjóðs 2/6'05 - heimsókn til Rangárþings ytra (og Ásahrepps) 28/6'05 til viðræðna um húsnæðismál.

Samþykkt samhljóða að bjóða upp á veitingar á fundinum.

- 9.2 Umsókn frá Umf. Merkihvoli og Umf. Ingólfí um styrk að upphæð kr. 150.000.- vegna leikjanámskeiðs.

Samþykkt samhljóða að vísa umsókninni til íþróttar- og æskulýðsnefndar til umsagnar og tillögugerðar.

## **10. Annað efni til kynningar:**

- 10.1 Félagsmálaráðuneytið 6/6'05 - svar til K- og Ó-lista með álti varðandi upplýsingagjöf um launagreiðslur.
- 10.2 Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga 3/6'05 - greining á kjararsamningum við BSRB og ASÍ félög.
- 10.3 Vegagerðin 9/6'05 - flokkun Þrúðvangs á Hellu sem tengivegar.  
Samþykkt að leita eftir álti lögmanns um flokkun Þrúðvangs á Hellu sem veg í bjóðvegakerfinu.
- 10.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2/6'05 - upplýsingarit um tæmingu rotþróa og samþykktir.  
Samþykkt samhljóða að dreifa þessum upplýsingum til býla og frístundahúsa.
- 10.5 Embætti yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar 9/6'05 - upplýsingar varðandi viðbrögð við grun um illa meðferð dýra.
- 10.6 Þjóðskjalasafn Íslands 30/5'05 - skýrsla með niðurstöðum könnunar á rafrænni skjalavörslu opinberra embætta, stofnana og fyrirtækja ríkisins.
- 10.7 Menntamálaráðuneytið 31/5'05 - um dag borgarvitundar og lýðræðis 2005.
- 10.8 Félagsmálaráðuneytið/Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 14/6'05 - fréttabréf um húsaleigubætur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:30.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

*Ingibjörg Pál  
Guðrún Þórmörk  
Jónas Þórðursson  
Víðar Steinar  
Lindvirk Begeomann  
Ingríður Þórhótt  
Guðrún Þórhótt*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**51. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 8. júní 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Engilberts Olgeirssonar, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Pröstur Sigurðsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður Lúðvíks Bergmann, Heimir Hafsteinsson og Sigrún Sveinbjardóttir, sem ritar fundargerð.  
Að auki situr Auðunn Guðjónsson, frá KPMG hluta fundarinns.

Sigurbjartur setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; liður 3.1 bætist við.

Samþykkt samhljóða.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 68. fundar hreppsráðs, 31/5'05 í 2 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 69. fundar hreppsráðs, 7/6'05 í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs:**

2.1 Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson verði oddviti og Engilbert Olgeirsson varaoddviti til eins árs.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, PS, VHS).

2.2 Lögð fram tillaga um að Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Viðar H. Steinarsson verði aðalmenn í hreppsráði til eins árs. Varamenn verði Engilbert Olgeirsson, Valtýr Valtýsson og Heimir Hafsteinsson til eins árs.

Samþykkt samhljóða.

2.3 Tillaga lögð fram um að Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði formaður hreppsráðs og Sigurbjartur Pálsson verði varaformaður til eins árs.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (PS, HH, VHS).

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

3.1 Samráðsnefnd um Holtamannafrétt - 11. fundur 18/5'05 í 5 liðum.

Lögð fram landbóta- og landnýtingaráætlun 2005-2010 fyrir Holtamannafrétt til staðfestingar. Visað til hreppsnefndar frá hreppsráði.

Lagt er til að afgreiðslu fundargerðarinnar verði frestað fram yfir næsta fund samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

#### **4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

Engar fundargerðir liggja fyrir.

#### **5. Ársreikningar - fyrri umræða:**

Sveitarstjóri lagði fram ársreikning Rangárþings ytra árið 2004, ásamt sundurliðun. Einnig eru lagðir fram ársreikningar fyrir Menningarmiðstöðina Laugalandi, Leiguísbúðir Laugalandi, Leikskólan Laugalandi og Eignasjóð Laugalandi fyrir árið 2004 og Holtaveituna fyrir árin 2003 og 2004.

Auðunn Guðjónsson, frá KPMG Endurskoðun hf. mætti á fundinn og skýrði ársreikningana.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi samstæðu sveitarfélagsins:

##### **Rekstrarreikningur:**

Rekstrartekjur:	kr. 560.673.840
Rekstrargjöld:	kr. (611.434.751)
Fjármagnsgjöld:	kr. (37.513.079)
Rekstrarniðurstaða:	kr. (88.273.990)

##### **Efnahagsreikningu:**

###### **Eignir:**

Fastafjármunir:	kr. 826.848.429
Áhettufjármunir og langtímakröfur:	kr. 104.384.296
Veltufjármunir:	kr. 119.374.264
Eignir samtals:	kr. 1.050.606.989

###### **Skuldir og eigið fé:**

Eiginfjárréikningur:	kr. 428.908.269
Lífeyrisskuldbindingar:	kr. 14.060.640
Langtímaskuldir:	kr. 500.484.661
Skammtímaskuldir:	kr. 107.153.419
Eigið fé og skuldir samtals:	kr. 1.050.606.989

Heimir víkur af fundi kl. 17:45.

Guðmundur Ingí Gunnlaugsson, sveitarstjóri, fór yfir greinagerð sem lögð er fram með ársreikningi.

Auðunn Guðjónsson vék síðan af fundi.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

*Sigrún Sveinbjarnardóttir*

*Víði Þóra*  
*Mosfellsbýrnum*

*Holtaveituna*  
*Ísafjörður*  
*Ísafjörður*  
*Ísafjörður*

*Sigrún Ólafsdóttir*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**50. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 25. maí 2005, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Valtýs Valtýssonar, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann, Þórhallur Svavarsson, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.  
Einnig situr Heiðrún Ólafsdóttir hluta fundarins, sem varamaður Guðmundar Inga Gunnlaugssonar.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætist nýir liðir nr. 12 og 13.3 og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 67. fundar hreppsráðs 12/5'05, í 12 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Samráðshópur sveitarstjórna um Töðugjöld 2005 og reiðvegi - 11/5'05, í 1 lið.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 5 sitja hjá (H.H., V.H.S., P.S.).

2.2 Fjallskilanefnd Rangárvallafréttar - 4. fundur 17/5'05, í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.3 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 41. fundur 18/5'05, í 7 liðum.

Lögð fram tillaga um breytingu á gjaldskrá leikskóla frá og með haustönn 2005. Tillagan gerir ráð fyrir að 4 klst. vistun 5 ára barna verði gjaldfrí og að systkinaafsláttur verði aukinn.

Útreikningur á kostnaðarauka fylgir.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 Sameiginleg barnaverndarnefnd - 36. fundur 4/5'05, í 9 liðum.

3.2 Félagsmálanefnd - 40. fundur 11/5'05, í 4 liðum.

3.3 Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. - 5. fundur 11/5'05, í 4 liðum.

3.4 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 247. fundur 16/3'05 og 248. fundur 16/3'05.

3.5 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - aðalfundur 16/3'05.

3.6 Foreldraráð Laugalandsskóla - fundur 10/2'05.

### **4. Tillaga um átak í umhverfismálum:**

Lögð fram tillaga fulltrúa D-lista um að Umhverfissviði og umhverfisnefnd Rangárþings ytra verði falið að hefja sérstakt átak til hreinsunar úrgangs í sveitarfélagit.

Átakið beinist einkum að eftirfarandi atriðum:

Farið verði skipulega um sveitarfélagið og skráðir þeir staðir sem mikil þörf er fyrir að hreinsaðir verði. Bent verði á þá staði þar sem umgengni sé ekki í lagi og skorað á eigendur og umráðamenn að fara í úrbætur og aðstoð boðin ef þörf bykir við þyngri og ómeðfærilega hluti. Ef ekki verði brugðist við verði hafin hreinsun á kostnað viðkomandi aðila. Leitast verði við að ljúka þessum verkefnum fyrir 30. júní 2005. Einnig verði almennt umhverfisátak í sveitarfélaginu og því verði lokið fyrir 17. júní.

Samþykkt samhljóða.

**5. Ráðning leikskólastjóra Heklukots:**

Lögð fram umsögn fulltrúa fræðslunefndar um ráðningu leikskólastjóra Heklukots.

Lagt er til að Anna Rut Hilmarsdóttir verði ráðin leikskólastjóri Heklukots.

Samþykkt samhljóða.

**6. 17. júní hátiðahöld á Hellu:**

Lögð fram tillaga um að fela Rangárvalladeild Geysis að annast hátiðahöldin 17. júní n.k. á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

**7. Tilnefning eins fulltrúa í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu b.s.:**

Lögð fram tillaga um að svíðsstjóri umhverfissviðs, Ólafur Elvar Júliusson, verði fulltrúi Rangárþings ytra í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. og fari með atkvæðisrétt á aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

**8. Þórir B. Kolbeinsson - umsókn um leigu á landi:**

Lagt fram bréf frá Þóri B. Kolbeinssyni, dagsett 10/5'05, þar sem óskað er eftir afnotum af landi til notkunar sem beitarhólf fyrir hesta í sumar.

Lagt er til að vísa erindinu til Eignaumsjónar og Umhverfissviðs til tillöguggerðar.

Samþykkt samhljóða.

**9. Greinargerð frá skólastjórnendum Grunnskólans á Hellu:**

Lögð fram greinargerð frá skólastjórnendum Grunnskólans á Hellu, dagsett 18/5'05, varðandi bréf frá Guðnýju Sigurðardóttur og Þóri Jónssyni, dagsett 6/5'05.

Guðmundur Ingi víkur af fundi og tekur ekki þátt í umræðum né afgreiðslu.

Við sæti hans tekur Heiðrún Ólafsdóttir.

Lagt er til að afgreiðslu á erindinu verði frestað og oddviti og formaður fræðslunefndar boði málsaðila til fundar.

Samþykkt samhljóða.

Heiðrún víkur af fundi og Guðmundur Ingi tekur sæti á fundinum að nýju.



**10. Ferðafélag Íslands - áform um boranir við Álftavatn:**

Lagt fram bréf frá Ferðafélagi Íslands, dagsett 20/4'05, þar sem rætt er um boranir eftir heitu vatni við Álftavatn á Rangárvallafrétti og óskað eftir samþykki sveitarstjórnar. Einnig eru kynnt áform um endurbætur á skálum F.I.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar boranir fyrir sitt leyti ef tilskylin leyfi iðnaðar- og viðskiftaráðuneytisins liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða að fela Viðari H. Steinarssyni að vera tengiliður milli Ferðafélagsins og sveitarstjórnar varðandi áðurgreindar boranir.

**11. Vaxtarsamningur fyrir Suðurland:**

Guðmundur Ingi kynnti stöðu verkefnisins.

Til kynningar.

**12. Staðsetning sparkvallar á Hellu:**

Lögð fram tillaga um að staðsetningu sparkvallar á Hellu verði breytt frá áður gerðri samþykkt og verði völlurinn samhliða suðurhlið íþróttahússins á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

**13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

13.1 Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. 11/5'05 - aðalfundur 25/5'05.

Til kynningar.

13.2 Veiðifélag Ytri-Rangár - aðalfundur 28/5'05.

Lögð fram tillaga um að Steinþór Runólfsson fari með atkvæðisrétt Rangárþings ytra fyrir Gaddstaði og Viðar H. Steinarsson með atkvæðisrétt vegna annarra jarða í eigu sveitarfélagsins á aðalfundi Veiðifélags Ytri-Rangár.

Samþykkt samhljóða.

13.3 Fornleifavernd ríkisins 24/5'05 - fundir vegna stefnumótunar fyrir fornleifavörslu 31/5'05.

Lagt er til að formaður menningarmálanefndar sitji fundinn fyrir hönd Rangárþings ytra.


Samþykkt samhljóða.

13.4 Vinnueftirlit ríkisins 11/4'05 - kynning á frumnámskeiði fyrir sumarstarfsmenn sveitarfélaga.

Til kynningar.

13.5 Verslunarskóli Íslands 6/5'05 - boð um kaup á bókinni "Vor unga stétt" og skráning í "Tabula gratulatoria".

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.



13.6 LAUF 11/5'05 - umsókn um styrk.  
Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 5.000.-.

13.7 Hjartaheill 18/5'05- umsókn um styrk.  
Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 5.000.-.

13.8 Garðyrkjufélag Íslands 11/5'05 - umsókn um styrk.  
Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við umsókninni.

#### **14. Annað efni til kynningar:**

14.1 Gjafabréf vegna myndverka Elíasar Hjörleifssonar, listmálara.

Gefendum var afhent skjal með áritun með þakklæti fyrir höfðinglega gjöf.  
Samþykkt samhljóða að fela menningarmálanefnd að koma á fót sýningu á verkunum.

- 14.2 Skipulags- og byggingafulltrúi 9/5'05 - byggingaskýrsla árið 2004.
- 14.3 Veiðifélag Landmannaafréttar 5/5'05 - umsókn um leyfi Umhverfisstofnunar fyrir uppsetningu skilta.
- 14.4 Félagsmálaráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 11/4'05 - áætlun um úthlutun framlaga árið 2005.
- 14.5 Félagsmálaráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 10/5'05 - tilkynning um framlag vegna nýbúafraðslu.
- 14.6 Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3/5'05 - frestun á afgreiðslu aðalskipulags og bókanir.
- 14.7 Ályktanir Landsfundar jafnréttisnefnda 6.-7/5'05.
- 14.8 Umhverfisstofnun 18/5'05 - viðmiðunartaxtar vegna refa- og minkaveiða fyrir veiðitímabilið 31/8'05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

The image shows several handwritten signatures in black ink. At the top left is 'Sigrún Sveinbjarnardóttir'. To her right is 'Ólafur Ólafsson'. Below them is 'Þorsteinn Þorsteinsson'. Further down, there are more signatures, including 'Guðrún Guðrúnsson', 'Víðir Þórhilsson', 'Ragnar Ólafsson', and 'Guðrún Ólafsdóttir'. At the bottom left is 'Guðrún Ólafsdóttir' again. The signatures are written in a cursive script and overlap each other.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**49. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímbilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 4. maí 2005, kl. 16:00.**

Mætt: Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Ingí Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Þórhallur Svavarsson, varamaður Ingvars P. Guðbjörnssonar, Pröstur Sigurðsson, Halldóra Gunnarsdóttir, varamaður Heimis Hafsteinssonar, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Að auki mæta Heiðrún Ólafsdóttir, sem varamaður fyrir Valtýr Valtýsson frá og með 7. lið og Anna B. Stefánsdóttir, fyrir Guðmund Inga Gunnlaugsson við umfjöllun 7. liðar.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætist nýr 9. liður, a og b og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð hreppsnefndar:

1.1 Lögð fram fundargerð 48. fundar hreppsnefndar 6/4'05, til staðfestingar og undirritunar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða og undirrituð.

### 2. Fundargerðir hreppsráðs:

2.1 Lögð fram fundargerð 65. fundar hreppsráðs 14/4'05, í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Lögð fram fundargerð 66. fundar hreppsráðs 28/4'05, í 11 liðum.

Villa varð við ritun 4. liðar fundargerðarinnar. Upphæð á tilboði B frá Verktækni ehf. er kr. 42.037.350 en ekki kr. 39.565.000 eins og misritaðist.

Fundargerðin samþykkt með áorðinni breytingu með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (G.I.G.).

Bókun vegna 4. liðar fundargerðar 66. fundar hreppsráðs varðandi val á verktaka vegna fyrirhugaðra gatnagerðarframkvæmda.

*Undirritaður vill vekja athygli á því að gengið er fram hjá tveimur lægra bjóðandi verktökum við endanlegt val. Undirritaður kallar eftir gildum rökstuðningi hreppsráðs við val á tilboði frá Þjótanda ehf. og varar við hugsanlegrí bótaskýlu vegna þessara vinnubragða.*

*Jafnframt hvetur undirritaður til þess að þegar ákvæðið hefur verið að fara út í framkvæmdir hverskonar, miðað við ákvæðna kostnaðaráætlun og efnt er til opins útboðs þá skuli viðeigandi forstóðumaður meta tilboðin með faglegum hætti og gera tillögu til sveitarstjórnar um endanlegan framgang málsins. Með það að leiðarljósi að hagstæðasti kosturinn sé valinn i hvert sinn ásamt því að almennum leikreglum sé framfylgt.*

*Pröstur Sigurðsson.*

### 3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

*SJ*

*THS*

#### **4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 4.1 Samráðshópur Rangárþings ytra og Ásahrepps um Töðugjöld og um reiðvegi, fundur 28/4'05, í 2 liðum.
- 4.2 Skólanefnd Tónlistarskóla Rangeinga - 102. fundur 26/4'05, í 9 liðum.
- 4.3 Sláturnhúsið Hellu hf. - aðalfundur 19/4'05, í 6 liðum.

#### **5. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir 2006-2008:**

Lögð fram tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2006-2008 til síðari umræðu. Vísað er til fundargagna um efni áætlunarinnar.

Bókun vegna afgreiðslu á tillögu að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Rangárþing ytra tímabilið 2006-2008.

*Meiri hluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra leggur nú fram þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2006-2008. Áætlun sem byggir á ýmsum forsendum sem framtíðin ein leiðir í ljós hvort réttar eru. Það er ljóst að sveitarfélagið þarf að fara út í miklar og nauðsynlegar framkvæmdir á næstu misserum og auðvitað hafa þær mikil áhrif á framgang áætlanagerðar sem þessarar.*

*Helsta markmið meirihluta sveitarstjórnar við gerð þessarar áætlunar er að ná fram bata í peningalegri stöðu og veltufjárförðu sveitarstjóðs. Gott og göfugt markmið, út af fyrir sig, en ekki er sama hvernig menn ná markmiði sem þessu, hingað til hefur það verið gert með aukinni skuldsetningu sveitarfélagsins. Það er auðvitað ekki hin ákjósanlega leið, ráðdeild og sparnaður í rekstri sveitarstjóðs er auðvitað hinn rétti vegur.*

*Leið sparnaðar og ráðdeilda í rekstri sveitarstjóðs hefur ekki verið farin hingað til og er rétt að nota tækifærið nú og hvetja til þess að helstu málaflokkar í rekstri sveitarfélagsins verði skoðaðir af alvöru ofan í kjölinn með það að markmiði að leita hagræðingar, tækifærin eru fyrir hendi samanber ýmsar tillögur fulltrúa Ó- og K-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra.*

*Með tilliti til þessa sitjum við undirrituð hjá við afgreiðslu þriggja ára fjárhagsáætlunar Rangárþings ytra.*

*Undirrituð : Pröstur Sigurðsson, Viðar Steinarsson, Halldóra Gunnarsdóttir.*

Bókun fulltrúa D-lista um afgreiðslu á þriggja ára áætlun Rangárþings ytra fyrir tímabilið 2006 – 2008 og í tilefni af bókun fulltrúa K- og Ó-lista um sama efni, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ.

4. maí 2005:

*Samþykkt þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2006 – 2008 selur það markmið i sér, að í öllum rekstri sveitarfélagsins verði ráðdeild og sparnaður hafður að leiðarljósi hér eftir sem hingað til. Samhlíða er gert ráð fyrir að allar stofnanir haldi uppi lögbundinni þjónustu auk þjónustu sem sveitarstjórnin hefur samþykkt að haldið skuli úti. Ekki er stefnt á skuldasöfnun eins og sést berlega þegar skuldir í þúsundum króna á hvern íbúa eru skoðaðar, heldur munu þær að mestu standa í stað.*

*Festa og fyrirhyggja í rekstri og fjárfestingu einkenna þessa áætlun.*

*Guðmundur I. Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson, Þórhallur Svavarsson, Heiðrún Ólafsdóttir.*

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (P.S., V.S., H.G., L.B.).

#### **6. Stefnumótun Rangárþings og Mýrdals í atvinnu- og ferðamálum:**

Lögð fram drög að stefnumótun Rangárþings og Mýrdals í atvinnu- og ferðamálum, gerð 29/4'05.

Samþykkt samhljóða að vísa drögumum til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar og tillögugerðar.

Valtýr víkur af fundi og við sæti hans tekur Heiðrún Ólafsdóttir.

## **7. Guðný Sigurðardóttir og Þórir Jónsson - um samskipti við skólastjórnendur Grunnskólans á Hellu:**

Lagt fram bréf frá Guðnýju Sigurðardóttur og Þóri Jónssyni, dagsett 26/4'05, um samskipti við skólastjórnendur Grunnskólans á Hellu. Einnig er lagt fram bréf frá formanni fræðslunefndar, Engilbert Olgeirssyni, dagsett 27/4'04, til Gyðnýjar og Þóris vegna afgreiðslu fræðslunefndar.

Guðmundur Ingi lýsir sig vanhæfan í málinu og víkur af fundi og við sæti hans tekur Anna B. Stefánsdóttir.

Samþykkt samhljóða að óska eftir skriflegri greinargerð skólastjórnenda varðandi málið.

Anna Björg víkur af fundi og tekur Guðmundur Ingi sæti á fundinum að nýju.

## **8. Hekluskógar:**

Lagt fram dreifibréf til eigenda og/eða umráðenda lögbýla og stærri landsvæða í nágrenni Heklu, dagsett 25/4'05, varðandi hugmynd að uppgræðsluverkefni er fengið hefur heitið "Hekluskógar".

Til kynningar.

## **9. Sviðsstjóri umhverfissviðs:**

a) Lagðir fram minnispunktar frá fyrsta fundi vinnuhóps um uppbyggingu og endurbætur á húsnæði grunn- og leikskóla og skipulag skólareits á Hellu, dagsett 2/5'05.

Lögð fram tillaga um að sparkvöllur verði við íþróttahúsið á Hellu og hann verði sunnan við húsið, þvert á mænisstefnu þess. Austur-langhlið sparkvallar myndi beina línu við austurgafl íþróttahúss.

Samþykkt samhljóða.

b) Lögð fram tillaga, dagsett 2/5'05, um staðsetningu sparkvallar að Laugalandi frá Ólafi E. Júlíussyni, skipulags- og byggingafulltrúa.

Tillagan samþykkt samhljóða að hálfu Rangárþings ytra.

## **10. Starfsmannamálefni.**

Rætt um kjarasamning leikskólakennara og ósk leikskólastjóra um leiðréttingu.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að ræða við leikskólastjóra ásamt oddvita Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

## **11. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

Ekkert liggur fyrir undir þessum lið.

## **12. Annað efni til kynningar:**

- 12.1 Óbyggðanefnd 25/4'05 - kort sem sýna úrskurðalínur Óbyggðanefndar í Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu til upplýsingar.
- 12.2 Ásahreppur 25/4'05 - samþykkt um þátttöku í sameiginlegri athugun sveitarfélaga í Rangárvallasýslu á þátttöku í Green Globe 21.
- 12.3 Ásahreppur 25/4'05 - samþykktar reglur um útleigu húsnæðis annars er íbúðahúsnæðis.
- 12.4 Ósk K- og Ó-lista um álit félagsmálaráðuneytisins á afstöðu meirihluta þess efnis að

- hafna ósk þeirra um upplýsingar um launamál sbr. fyrirspurn á hreppsnefndarfundi 2/3'05.
- 12.5 Auglýsing í Lögbirtingarblaðinu 40. tbl. 98. árg. 27/4'05, um tillögu að breytingu á aðalskipulagi í landi Stóru-Valla og um deiliskipulagstillögur vegna Stóru-Valla, Ölversholts, Kvíarholts og miðbæjar Hellu.
- 12.6 Anna L. Torfadóttir og Herdís Styrkársdóttir 12/4'05 - ábendingar vegna tillögu á hreppsnefndarfundi 8/2'05 um vinnutilhögun við undirbúning að ákvarðanatöku vegna húsnæðis fyrir leikskóla sveitarfélagsins - útskrift úr "Íbúasýn" yfir fædd børn í Rangárþingi ytra árin 2000-2005.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigrún Sveinbjarnardóttir  
(Auglýsing)

Víðar Stein

Jón Ólafsson

Hálmur Ólafsson

Frostur Þjóresson

Pandora Gymnasða

Lindvirk Bergmann

Þórhalli Guðnars

Lyruni Freiri Guðnars

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**48. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 6. apríl 2005, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Ingí Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; viðbót við lið 2.4, og nýir liðir nr. 19 og 20 og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 63. fundar hreppsráðs 10/3'05, í 14 liðum.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 1 situr hjá (HH) og EO fjarverandi.

1.2 Lögð fram fundargerð 64. fundar hreppsráðs 17/3'05, í 12 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Skipulags- og bygginganefnd - 30. fundur 21/3'05, liðirnir 017-2005 til 047-2005.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Jafnréttisnefnd - 5. fundur 3/3'05, í 4 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.3 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 39. fundur 16/3'05, í 6 liðum.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (HH og VS).

2.4 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 10. fundur 4/4'05, í 8 liðum.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (HH og PS).

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Bókun vegna fundargerðar samráðsnefndar Ásahrepps og Rangárþings ytra, frá 4. apríl 2005, liður c, önnur mál:  
Skipan Kristínar Hreiðsóttur sem fulltrúa Ásahrepps í vinnuhópi um hagræðingu í rekstri grunnskóla  
Rangárþings ytra og Ásahrepps orkar mjög tvímælis í hugum undirritaðra. Ástæðan er sú að Kristín er starfandi forstöðumaður Skólastrifstofu Suðurlands og þar af leiðandi starfsmaður beggja sveitarfélaganna.  
Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson, Viðar Steinarsson.

Lögð fram tillaga um tilnefningu tveggja fulltrúa í vinnuhóp um málefni Töðugjalda svo og um aðkomu sveitarfélaganna að kostnaði við reiðvegagerð.

Tilnefndir eru Sigurbjartur Pálsson og Lúðvík Bergmann.  
Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 3.1 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 73. fundur 15/3'05, í 6 liðum.
- 3.2 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 78. fundur 16/3'05, í 3 liðum.
- 3.3 Húsakynni bs. - aðalfundur 16/3'05, í 6 liðum.  
Ársreikningur Húsakynna bs. 2004.
- 3.4 Sameiginleg barnaverndarnefnd - 34. fundur 16/3'05, í 2 liðum.
- 3.5 Stjórn Strandarvallar ehf. - 10. fundur 15/3'05.
- 3.6 Stjórn SASS - 383. fundur 17/3'05.
- 3.7 Stjórn Hitaveitu Rangæinga - 21. fundur 29/3'05.

Lögð fram tillaga um að fyrrverandi formanni stjórnar Hitaveitunnar, Ágústi I. Ólafssyni og fyrrverandi varaformanni, Valtýr Valtyssyni, verði veitt umboð af hálfu Rangárþings ytra til að vinna að frágangi ólokinna mála hjá Hitaveitu Rangæinga vegna sölu hennar til Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, PS, VS).

Engilbert tekur ekki þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu um lið 3.7 og víkur af fundi á meðan á umræðum stendur.

3.8 Íþrótta- og æskulýðsnefnd - 26. fundur 31/3'05, í 4 liðum.

### **4. Tillaga að 3ja ára áætlun fyrir 2006-2008:**

Lögð fram tillaga að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2006-2008.  
Fyrri umræða.

Tillögunni vísað til seinni umræðu.

Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dagsett 29/3'05, um skil á 3ja ára áætlun.

Til kynningar.

### **5. Kosning fulltrúa frá Rangárþingi ytra í nefnd um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna að Laugalandi og á Hellu:**

Lögð fram tillaga um eftirfarandi fulltrúa frá Rangárþingi ytra í nefnd um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna að Laugalandi og á Hellu:

Guðmund Inga Gunnlaugsson, Sigurbjart Pálsson, Guðfinnur Þorvaldsdóttur og Viðar Steinarsson.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi bókun lögð fram:

Bókun vegna kosningu fulltrúa í nefnd um mögulega hagræðingu í rekstri grunnskólanna í Rangárþingi ytra, dags. 6. apríl 2005.

Undirritaðir ítreka þá skoðun sína að tillaga sú sem undirritaðir lögðu fram á síðasta fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra sé í raun málfnalegri og gangi lengra hvað varðar vinnu við stefnumótun í freðslumálum sveitarfélagsins. Hvað varðar framhaldið við i þær tillögur og bókanir sem fulltrúar Ö- og K- lista hafa lagt fram í þessu efni og væntum góðrar vinnu og niðurstöðu þessarar vinnunefndar.

*Jafnframt hörmum við að fulltrúaskipanin skuli vera með þeim hætti sem raunin er þ.e. að nú er gert ráð fyrir að Ásahreppur skipi einn fulltrúa á kostnað þess að K- og Ó – listi skipi einn fulltrúa hvor i vinnuhópinn. Sem er úr takti við það sem hefur verið venjan það sem af er á þessu kjörtímabili og úr takti við styrk þessara framboða og ekki til þess fallið að auka tiltrú manna á starfi vinnunefndarinnar.*

*Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson, Viðar Steinarsson.*

## **6. Fyrirspurn frá fulltrúum K- og Ó lista um starfshlutfall framkvæmdastjóra SASS:**

Rætt um starfshlutfall framkvæmdastjóra SASS, sbr. fyrirspurn oddvita Rangárþings ytra á 382. fundi stjórnar SASS, sbr. umræður á fyrri fundum sveitarstjórnar.

### **7. Fiskeldisstöðin í Fellsmúla ehf.:**

Lögð fram drög að samningi um sölu á eignum Fiskeldisstöðvarinnar v/Fellsmúla ehf., kt. 510888-1629 til Eldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. kt. 511104-2380.

Lúðvík tekur ekki þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu og víkur af fundi á meðan á afgreiðslu stendur.

Samningurinn er samþykktur með 6 atkvæðum, 2 á móti (HH og PS).

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Bókun 6. apríl 2005 vegna samnings um sölu Fiskeldisst. Fellsmúla.*

*Undirritaðir gera alvarlegar athugasemdir við framkvæmd á sölu Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla ehf. Ekki liggur fyrir ápreifanlegt verðmaetamat á eignum og samningum stöðvarinnar. Það söluberð sem nú liggur til grundvallar teljum við vera of lágt miðað við þær eignir og hitaveitureréttindi sem verið er að fjalla um í samningnum.*

*Auk þess virðist, samkvæmt kaupsamningi, sem um ýmis óútkljáð mál sé að ræða sem lenda á herðum seljanda ef niðurstaða þeirra mála fer á hinn verri veg.*

*Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Þróstur Sigurðsson.*

## **8. Tillaga að samþykki um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra:**

Lögð fram tillaga að samþykkt um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra í 10 liðum, dagsett 2/3'05 - síðari umræða.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Fyrirspurnir frá K- og Ó- listum í 4 liðum frá hreppsnefndarfundi 2/3'05:**

Lagt fram svar frá Persónuvernd, dagsett 30/3'05, vegna 1. liðar fyrirspurnar frá K- og Ó listum, um heimild til birtingar sundurliðaðra upplýsinga um greidd laun og aksturskostnað til starfsmanna og nefndarfulltrúa sveitarfélagsins á árinu 2004.

Til kynningar.

### **10. Tillögur að erindisbréfum nefnda:**

10.1 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir atvinnu- og ferðamálanefnd.

10.2 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir félagsmálanefnd.

10.3 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepp.

10.4 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir íþróttu- og æskulýðsnefnd.

10.5 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir menningarmálanefnd.

10.6 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir skipulags- og bygginganeftnd.

10.7 Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir umhverfisnefnd.

Lagt er til að tillögunum verði vísað til viðkomandi nefnda til umfjöllunar og tillögugerðar.

Lagt er til að tillögu að erindisbréfi fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, liður 10.3, verði einnig vísað til Ásahrepps til umfjöllunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

#### **11. Ásahreppur:**

11.1 Lagt fram bréf, dagsett 16/3'05, um tilnefningu í vinnuhóp um hagræðingu í rekstri grunnskóla. Fulltrúi Ásahrepps verður Kristín Hreinsdóttir. Einnig tilkynning um að Ásahreppur sjái ekki tilefni til að tilnefna í sérstaka nefnd um sameiginleg málefni.

11.2 Lagt fram bréf, dagsett 16/3'05, um tilnefningu fulltrúa til könnunarviðræðna við Orkuveitu Reykjavíkur um hugsanlega sölu á Holtaveitum. Fulltrúar Ásahrepps verða Jónas Jónsson, oddviti og Guðmundur Gíslason, varaoddviti.

11.3 Lagt fram afrit af bréfi til atvinnu- og ferðamálafulltrúa, dagsett 23/3'05, um að ekki verði tilnefndur fulltrúi frá Ásahreppi í nefnd um undirbúning Töðugjálfa 2005.

11.4 Lagt fram afrit af bréfi til Foreldrafélags Laugalandsskóla, dagsett 23/3'05, um þátttöku Ásahrepps í kostnaði við uppsetningu sparkvallar að Laugalandi, kr. 825.884,-.

Til kynningar.

#### **12. Jón H. Skúlason, Hrafnkell Óðinsson og Margrét Óðinsdóttir:**

Lögð fram beiðni, dagsett 22/3'05, um umsögn vegna skiptingar á spildu út úr landi Snjallsteinshöfða I.

Samþykkt samhljóða að hreppsnefnd geri ekki athugasemd við landskiptin skv. framlögðum gögnum.

#### **13. Hákon Hjörður Haraldsson og Torfi Geir Símonarson:**

Lögð fram umsókn, dagsett 18/3'05, frá Hákonni Hirti Haraldssyni og Torfa Geir Símonarsyni, um afnot af húsnæði í Hellubíói fyrir "lan-setur".

Lagt er til að erindinu verði vísað til íþróttar- og æskulýðsnefndar til umfjöllunar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

#### **14. Björn Halldórsson:**

Lögð fram umsókn frá Birni Halldórssyni, dagsett 23/3 '05, um kaup á landspildu, u.p.b. 1,5 ha. úr landi Merkihvols.

Lagt er til að erindinu verði vísað til stjórnar Eignaumsjónar til umfjöllunar og tillögugerðar, samhliða umsókn frá Sæmundi Guðmundssyni um kaup á spildu úr sama landi.

Samþykkt samhljóða.



**15. Skipulagsstofnun:**

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 18/3'05, þar sem birt er niðurstaða um að endurvinnsla lífræns hráefnis til moltuframleiðslu á landsvæði austan við Þykkvabæ, sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Til kynningar.

**16. Héraðssambandið Skarphéðinn:**

Lagt fram bréf frá HSK, dagsett 21/3'05, með tillögum sem beint er til sveitarstjórna frá 83. héraðsþingi HSK 26/2'05.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til íþróttu- og æskulýðsnefndar til umfjöllunar og tillöguggerðar.

**17. Gunnar Guðmundsson frá Heiðarbrún:**

Lagt fram opið bréf frá Gunnari Guðmundssyni frá Heiðarbrún, móttekið 22/3'05, með aðvörun vegna hugsanlegrar sölu á vatnsveitum.

Til kynningar.

**18. Fyrirspurnir frá K- og Ó listum:**

- 18.1 Fyrirspurn um stöðu fyrirspurnar frá mars-fundi hreppsnefndar um launagreiðslur til starfsmanna.
- 18.2 Fyrirspurn um stöðu mála varðandi sölu á hlutabréfum.
- 18.3 Fyrirspurn um stöðu mála varðandi prufudælingu á borholu í Þykkvabæ.

Lögð fram svör Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, sveitarstjóra, dagsett 6/4'05 við fyrirspurnunum, þar sem fram kemur;

Vegna 1. liðar er sagt frá svarbréfi Persónuverndar og Trausta F. Valssonar, lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vegna 2. liðar er sagt frá sölu hlutabréfa í Eimskipum-Burðarási hf.

Vegna 3. liðar er sagt frá því að rætt hafi verið við Orkuveitu Reykjavíkur um prufudælingu á borholu í Þykkvabæ.

Heimir bókar að hann hafi óskað eftir því að svar sveitarstjóra yrði ritað óstytt í fundargerð en því hafi verið hafnað af oddvita.

Fulltrúar af K- og Ó- listum munu óska eftir úrskurði félagsmálaráðuneytisins um heimild sveitarstjórnar til birtíngar greiddra heildarlauna, mánaðarlauna, tímalauna, yfirvinnulauna, nefndarlauna, aukagreiðslna, hlunninda og aksturskostnaðar allra starfsmanna og nefndarmanna.

**19. Tillaga K- og Ó lista um opinn borgarafund:**

Lögð fram tillaga frá fulltrúum K- og Ó listum, dagsett 1/4'05, um að haldinn verði opinn borgarafundur um málefni Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða að fela oddvitum framboðslistanna sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn Rangárþings ytra að finna tíma og ákveða umgjörð og umfjöllunarefní slíks fundar.

**20. Tilboð um gjöf til sveitarfélagsins á málverkum eftir Elías Hjörleifsson:**

Lagt fram tilboð um gjöf til sveitarfélagsins á 50 málverkum eftir Elías Hjörleifsson, listmálara.

Samþykkt samhljóða að þiggja gjöfina og menningarmálanefnd falið að finna málverkunum stað til varðveislu og sýningar.

**21. Starfsmannamálefni:**

Sveitarstjóri ræddi launamál starfsmanna sveitarfélagsins og starfsmat Launaneftnar og sveitarfélaganna.

Lögð fram tillaga um að Heimi Hafsteinssyni, Sigurbjarti Pálssyni ásamt sveitarstjóra verði falið að kanna möguleika til breytinga.

Samþykkt samhljóða.

**22. Umræður að frumkvæði fulltrúa K- og Ó lista um ritun fundargerða sveitarstjórnar.**

Heimir ræddi um lengd fundatíma og frágang fundargerða sveitarstjórnar. Fundir hafa tilhneingingu til þess að vera nokkuð langir og frágangur fundargerða í lok funda lengja viðveru sveitarstjórnarfulltrúa enn frekar.

Samþykkt að fundargerð þessa fundar verði frágengin í samráði sveitarstjórnarfulltrúa um tölvupóst á næstu dögum.

Hugað verður að framtíðarlausnum á þessu sviði.

**23. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:**

23.1 Rangárbakkar Hestamiðstöð Suðurlands - aðalfundur 15/4'05.

Lagt er til að Ingvar Pétur Guðbjörnsson fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Samþykkt samhljóða.

23.2 Samband íslenskra sveitarfélaga 15/3'05 - ráðstefna um Staðardagskrá 21, 29/4'05, könnun á framkvæmd "Ólafsvíkuryfirlýsingarinnar".

Til kynningar.

23.3 Sóknarnefnd Oddasóknar 21/3'05 - umsókn um breytingu á álögðum fasteignagjöldum.

Lagt er til að veita styrk á móti álögðum fasteignagjöldum safnaðarheimilis Oddasóknar að Dynskálum 8.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (VS).

*Frq*

*HS*

*SP*

**24. Annað efni til kynningar:**

- 24.1 Atvinnu- og ferðamálaneftnd 21/3'05 - tilkynning um tilnefningu í nefnd um framkvæmd Töðugjalfa.  
24.2 Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili - ársreikningur 2004.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

*Sigrún Bjarnardóttir  
Guðrún Þórhalla  
Jón Ólafsson  
Vista Steinadóttir  
Lifvisi 3.  
Torgolf Ógmundarson  
Ólafur Ólafsson  
Sigrún Þórhalla*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**47. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 2. mars 2005, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigrún Ólafsdóttir, varamaður Sigurbjarts Pálssonar, Viðar H. Steinarsson, Ingvar Péter Guðbjörnsson, Þróstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Lúðvík Bergmann og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Engilbert Olgeirnsson, varaoddviti, setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; nýir liðir 5.2, 10.1 og 10.2 bætast við og færast aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### **1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 Lögð fram fundargerð 61. fundar hreppsráðs, 10/2'05, í 12 liðum.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (HH.).

1.2 Lögð fram fundargerð 62. fundar hreppsráðs, 24/2'05, í 16 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### **2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Fræðslunefnd 38. fundur 15/12'04, 3. liður, sem frestað var á fundum hreppsnefndar 5/1'05 og 8/2'05.

Lagt fram svar fræðslunefndar við beiðni hreppsnefndar um umfjöllun og tillögugerð varðandi tillögur Ó og K lista um úttekt á þeim kosti að sameina allt skólahald á einn stað og undir eina stjórn á Hellu, fr. 5/1'05 og 8/2'05.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 á móti (HH. ÞS. og VS.).

"Bókun vegna afgreiðslu fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps á tillögu K og Ó lista um úttekt á þeim kosti að sameina allt skólahald sveitarfélagsins á einn stað og undir eina stjórn á Hellu:  
Undirritaðir taka heilshugar undir bókun þrastar Sigurðssonar varðandi afgreiðslu fræðslunefndar, eins og hún kemur fram í bréfi frá formanni nefndarinnar Engilberti Olgeirssyni, á tillögum okkar um úttekt á þeim kosti að sameina allt skólahald sveitarfélagsins á einn stað og undir eina stjórn á Hellu. Grunnurinn að áðurnefndri afgreiðslu er tillaga frá formanni nefndarinnar.  
Í tillögnum segir:

"Fræðslunefnd sér ekki ástæðu til þess að gerð verði úttekt á því nú hvort sameina beri allt skólahald á einn stað í Rangárþingi ytra. Fyrr á þessu ári gerðu fagaðilar frá Rannsókarstofnun Háskólangs á Akureyri úttekt á skólahaldi í sveitarféluginu og niðurstaða þeirrar úttektar var, að ekki væri tímabært að sameina allt skólahald á einn stað í sveitarféluginu. Ekki er séð að neinar forsendur hafi breyst ennþá frá því síði niðurstaða varð ljós. Þarna fer formaður fræðslunefndar með visvitandi rangfærslur og undir það kvíttar nefndin. Í skýrslu RHA kemur nefnilega hvergi fram sem niðurstaða að ekki sé tímabært að sameina allt skólahald sveitarfélagsins á einn stað og undir eina stjórn.  
Í áðurnefndri skýrslu kemur heldur hvergi fram að sveitarstjórn megi ekki skoða hvað þessir kostir þýði fyrir rekstur sveitarfélagsins.

Í skýrslunni er hins vegar fjallað almennt um þá kosti sem við leggjum til að verði skoðaðir nánar nú. Hvað varðar tillögu okkar um að sameina skólastarfíð undir eina yfurstjórn þá mæla skýrsluhöfundar með þeirri leið í skýrslunni og nefna það valkost númer eitt, en hvað varðar þann hluta tillögu okkar að sameina skólastarfíð á

einn stað á Hellu þá velta þeir þeim möguleika upp sem valkost í en segja orðrétt eftirfarandi í niðurstöðuorðum um umfjöllun sína um það atriði:

"Eins og staðan er um þessar mundir telja höfundar þó ekki tímabært að nefna sérstaka leið sem felur í sér jafn róttækar breytingar og þær að sameina alla kennslu á einn stað. Slik akvörðun þarf nánari skoðunar, ígrundunar og meiri tíma en hér gefst. Um slika ákvörðun þyrfti jafnframt að ræða við samrekstraraðila Laugalandsskóla."

Þannig hljóðar umfjöllun RHA um þennan kost. Það er auðvitað bara sorglegt þegar sagt er að ekki sé tímabært að skoða leiðir til hagræðingar og sparnaðar í rekstri sveitarfélagsins en lítilmannlegt að bera aðra fyrir eigin skoðunum. Þeir sveitarstjórnarmenn sem þannig hugsa hljóta að vera að misskilja hlutverk sitt.

Er það virkilega svo að með rangfærslum og útúrsnuningum ætli meirihluti B og D lista að setja eðlilegar og tímabærar tillögur okkar um að skoða hagræðingarmöguleika í rekstri sveitarfélagsins út af borðinu?

Ásamt þeirri skoðun sem við leggjum til að fram fari, og áður en ákvæði er á nokkurn hátt um tilfærslur sem fýsilegar kunna að þykja eftir slíka skoðun, er nauðsynlegt að finna því húsnaði sem leggja skal af sem kennsluaðstöðu annað hlutverk til heilla fyrir ibúa viðkomandi svæðis og sveitarfélagsins alls. Þetta ber að gera á þann hátt að saman fari lok skólastarfs og innkoma nýrrar og öflugrar starfsemi, að örðrum kosti á ekki að fara af stað með breytingar. Framkvæmd lokunar Pykkvabæjarskóla er skólabókardæmi um það hvernig ekki á að framkvæma viðkvæmar breytingar þar sem húsnaði er skilið eftir án hlutverks og fólkið án atvinnu.

Ætla má, ef til kemur, að uppygging skólamannvirkja á Hellu yrði ekki til þess að skuldsetja sveitarfélagið meira en orðið er vegna þeirra verðmæta sem hægt væri að losa á Laugalandssvæðinu og annarsstaðar en hagræðingin gæti m.a. hjálpað til við að greiða niður númerandi skuldir.

Og svo vitnað sé astur í skýrslu RHA þar sem bent er á þann möguleika að hætta kennslu á Laugalandi, þar segir orðrétt:

"þá mætti sjá fyrir sér nýja atvinnustarfsemi í húsnaði Laugalandsskóla sem hefði í för með sér auknar tekjur til sveitarfélagsins og ný atvinnutækifæri fyrir ibúa í stað þeirra sem myndu tapast í skólanum."

Þannig gæti sú aðgerð að leggja af skólahald á Laugalandi og fera það að Hellu, ásamt því að selja eignir á Laugalandi til aðila sem kaemu með ný atvinnutækifæri inn í sveitarfélagið, haft margföld jákvæð áhrif á rekstur sveitarsjóðs og fyrir atvinnulif í sveitarfélagini.

Þetta hljóta allir að skilja.

Það er nauðsynlegt allir fulltrúar í sveitarstjórn fari að lita á hið nýja sveitarfélag sem eina heild og taki höndum saman um þau verk sem vinna þarf öllum ibúum til heilla.

Undirritaðir: Viðar Hafsteinn Steinarsson. Þróstur Sigurðsson. Heimir Hafsteinsson."

"Bókun fulltrúa D lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna bókunar fulltrúa K og Ó lista um afgreiðslu fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. mars 2005:

Reynt er með bókun frá fulltrúum K- og Ó-lista að snúa út úr afgreiðslu fræðslunefndar á tillögu þeirra um að sameina allt skólahald Rangárþings ytra á einn stað á Hellu. Meirihluti nefndarinnar var einfaldlega þeirrar skoðunar að ekkert hefði breyst frá því skýrsla RHA kom út og mælti þar af leiðandi ekki með samþykki tillögunnar. Þetta virðist fara fyrir brjóst fulltrúa K- og Ó-lista og kalla á bókanir frá þeim eins og þá sem ferd er í fundargerð þessa hreppsnefndarfundar. Í þessari bókun, er vegið að einstaklingum á ódrengelegan og ósæmilegan hátt vegna þess eins, að skoðanir þeirra falla ekki að skoðunum fulltrúa K- og Ó-lista.

Allir sem vilja, sjá að svona orðlag og upphlaup er viðs fjarri því að vera í samhengi við tilefnið. Því er að sjálfsgöðu vísað á bug, að formaður fræðslunefndar fari vísvitandi með rangfærslur í tillögu sem lögð var fram á fundi fræðslunefndar og samþykkt var.

Enn er vegið að ákvörðun um lokun Pykkvabæjarskóla. Engin ný tíðindi hafa þó orðið á þeim vettvangi. Tekin var ákvörðun um lokun á faglegum forsendum með hagsmuni allra í huga, ekki sist nemendanna.

Fulltrúar K- og Ó-lista tala gjarnan um að fulltrúar í sveitarstjórninni þurfi að líta á nýja sveitarfélagið sem eina heild. Þetta ráð er auðvitað þarf fyrir alla að hafa í huga. Sérstaklega ættu þessir sömu fulltrúar að ihuga þetta, því engir hafa stuðlað meir að sundrungu en þeir sjálfir með málflutningi sínum.

Valtýr Valtýsson, Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson."

"Bókun og tillaga vegna skipan fræðslumála í Rangárþingi ytra:

Hreppsnefnd Rangárþings ytra er sammála um að misskilnings gæti í bókun og afgreiðslu fulltrúa D og B lista í Fræðslunefnd Rangárþings ytra á tillögu Ó og K lista um úttekt á fræðslumálum í Rangárþingi ytra.

*Hreppsnefnd Rangárþings ytra er sammála um að gerð verði fagleg úttekt á fræðslumálum í Rangárþingi ytra. Skipuð verði nefnd á næsta reglulega fundi hreppsnefndar, 2.mars 2005. Nefndin verði skipuð á eftirfarandi hátt:*

D - listi 2 fulltrúar  
B - listi 1 fulltrúi  
Ó - listi 1 fulltrúi  
K - listi 1 fulltrúi

*Einnig verði skipaðir 5 fulltrúar frá sömu aðilum til vara. Jafnframt er lagt til að Laugalandsskóli og Grunnskólinn á Hellu tilnefni 1 fulltrúa hvor skóli og að foreldrafélög skólanna tilnefni einnig 1 fulltrúa hvort félag. Samtals 9 fulltrúar.*

*Hlutverk nefndarinnar verði m.a. að kanna vilja og framtíðaróskir íbúa sveitarfélagsins til þróunar fræðslumála á svæðinu. Gerðar verði kannanir meðal íbúanna, með spurningalistum og/eða íbúaþingum. Einnig verði gerð könnun á þróun barnafjölda næstu 10-15 árin.*

*Nefndin marki stefnu almennt í skólahaldi sveitarfélagsins til framtíðar með hliðsjón affaglegum sem og rekstrarlegum þáttum.*

*Með hliðsjón af mikilvægi og umfangi verkefnisins skal nefndinni heimilað að leita sér faglegrar ráðgjafar og aðstoðar eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.*

*Vinnu nefndarinnar skal lokið eigi síðar en 15. desember 2005*

*Heimir Hafsteinsson. ViðarH. Steinarsson. Pröstur Sigurðsson."*

Tillagan felld, 3 með, 6 á móti (EO. VV. GIG. IPG. SÓ. LB.)

**Tillaga um uppbyggingu grunnskólans og leikskólans á Hellu.** Einnig tillaga um athugun á rekstrarforsendum og möguleikum í hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi. Tillagan lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. mars 2005:

*"Þar sem nú er þegar hafin vinnu við undirbúning byggingar leikskóla í sveitarfélagini, er hér lögð fram tillaga þess efnis að uppbygging nýs leikskóla á Hellu verði tengd vinnu og skipulagningu uppbyggingar grunnskólans þar. Það er ljóst að Grunnskólinn á Hellu býr við þróangan húsakost og hluti húsnaðisins kallar á verulegar og kostnaðarmiklar úrbætur sem allra fyrst.*

*Lagt er til að samhliða tillögugerð að uppbyggingu leikskólans á Hellu verði unnið að áætlun og tillögugerð um uppbyggini og endurbætur á skólahúsnaði grunnskólans. Í þessari vinnu er nauðsynlegt að skoða þann möguleika að leikskólinn og grunnskólinn verði í sömu byggingu, þó kennslurými skólanna og útvistarsvæði verði aðskilið. Stoðrými skólanna verði sameiginlegt, s.s. móturneyti og stjórnunarrými.*

*Lagt er til að sviðsstjóra Umhverfissviðs, formanni skipulags- og bygginganefndar, fulltrúa fræðslunefndar og skólastjórum grunnskólans á Hellu verði falið að vinna að tillögugerð og hugsanlegri framkvæmdaáætlun verkefnisins. Nauðsynlegt er, að hægt verði að áfangaskipta framkvæmdum, þannig að haga megi framkvæmdum eftir þörfum á hverjum tima.*

*Einnig er lagt til að skipaður verði vinnuhópur sem skoði sérstaklega möguleika þess að ná aukinni hagræðingu í rekstri grunnskólanna á Hellu og Laugalandi. Þessi vinnuhópur verði skipaður 5 sveitarstjórnarmönnum, fjórum (4) fulltrúum úr Rangárþingi ytra og einum (1) úr Ásahreppi.*

*Fulltrúar Rangárþings ytra yrðu skipaðir með eftirfarandi hætti:*

2 fulltrúar	D listi
1 fulltrúi	K og Ó listar
1 fulltrúi	B listi

*Skólastjórar grunnskólanna á Hellu og Laugalandi og fulltrúar foreldrafélaga skólanna vinni með vinnuhópnum. Vinnuhópurinn reyni að líta til framtíðar, skoða hvort hagkvæmt væri að vera með eina yfirstjórn, eða aðra þætti sem hagrætt gæti í rekstri grunnskólanna til framtíðar litið. Áhugavert væri, að gæði þeirrar þjónustu sem veitt er í dag í skólunum, yrði rædd og stefnumótun sett i gang hvað þá hluti varðar. Stefnt skuli að því að vinnuhópurinn skili niðurstöðu vinnu sinnar fyrir 1. desember 2005.*

*Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingí Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Valtyr Valtysson."*

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum, 1 situr hjá (LB) og 3 á móti (VHS. PS. HH.)

## Bókun vegna tillögu fulltrúa D lista um uppbyggingu leikskóla og grunnskóla á Hellu:

"Undirritaðir gera ekki athugasemdir við þær hugmyndir sem fulltrúar D listans koma fram með um uppbyggingu og framgang mála varðandi leikskóla á Hellu og teljum að þær séu liður í vinnu við uppbyggingu leikskóla á Hellu, sem er í anda þess málflutnings sem við höfum haldið fram um þetta mál.

Undirritaðir sagna því að fulltrúar D lista séu nú tilbúnir til að taka málefni grunnskólanna í sveitarfélagini til frekari skoðunar, þrátt fyrir að hafa fellt tillögu okkar um úttekt á fræðslumálum í fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps og nú í sveitarstjórn.

Hjáseta undirritaðra við afgreiðslu þessarar tillögu D lista er af þeirri ástæðu að við teljum skynsamlegra að fara þá leiðina að vinna grunnvinnuna í okkar sveitarfélagi með aðkomu íbúa og hagsmunaaðila. Á seinni stigum er sjálfsgagt að fulltrúar Ásahrepps komi að málum ef þeir óska þess sérstaklega.

Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson."

## Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar og tillögu fulltrúa K og Ó lista um skipan fræðslumála í Rangárþingi ytra:

"Fulltrúar D listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra vísa alfaríð á bug meintum fullyrðingum um að misskilnings gæti hjá þeim varðandi tillögu Ó og K lista um úttekt á fræðslumálum í Rangárþingi ytra. Híð rétta er að tillaga þeirra um úttekt beindist að einni aðgerð, þ.e. að kenna hagræðingu þess að sameina allt skólahald Rangárþings ytra á einn stað og undir eina stjórn á Hellu. Þessa tillögu lögðu fulltrúar K og Ó lista á fundi sveitarstjórnar í nóvember 2004. Híð sama kemur fram um kynningu tillögunnar í Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps. Allt tal um það að hægt sé að misskilja þessa tillögu er á afar veikum grunni reist, svo ekki sé meira sagt.

Tillaga D lista er ekki bundin svona þróngu sjónarhorni, líkt og fyrrnefnd tillaga K og Ó lista frá því í nóvember 2004, enda þarf að skoða rekstur fræðslumála sveitarfélagsins undir mun viðara sjónarhorni. Tillaga D lista lýtur að því að kannað verði hvort mögulegt sé að finna leiðir til hagræðingar beggja skólanna, en jafnframt að tryggja það að gæði skólastarfs og þjónustu við íbúa verði tryggð og litið til framtíðar með það í huga að bæta þá þjónustu sem íbúum sveitarfélagsins er veitt af þessum stofnunum.

Aðrir þættir tillögu K og Ó lista, sem liggur fyrir á þessum fundi svipar að mörgu leyti til framkominnar tillögu D listans. Fulltrúar D listans vilja þó skoða málíð mun opnar og flýta vinnuferlum sem kostur er varðandi tækni- og skipulagslegar forsendur þess að bæta úr brýnni þörf á lagfæringu og úrbótum á skólahúsnaði grunnskólans á Hellu.

Engilbert Olgeirsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Sigrún Ólafsdóttir. Valtýr Valtýsson."

### 2.2 Samráðsnefnd um Holtamannafrétt - 9. fundur 18/2'05, í 8 liðum.

4. lið fundargerðarinnar var vísað til skipulags- og bygginganefndar til umsjöllunar og lokaafgreiðslu á 62. fundi hreppsráðs Rangárþings ytra, 24/2'05 en fundargerðinni vísað að öðru leyti til hreppsnefndar.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH. ÞS. VHS.).

### 2.3 Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu - 9. fundur 23/2'05, í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

### 2.4 Félagsmálanefnd - 38. fundur 24/2'05, í 5 liðum.

Ingvar Pétur tekur ekki þátt í afgreiðslu á 3. lið.

Þróstur tekur ekki þátt í afgreiðslu á 5. lið.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

## **3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

### 3.1 Atvinnu- og ferðamálanefnd - 22. fundur 23/2'05, í 2 liðum.

Lagt fram afrit af bréfi frá atvinnu- og ferðamálanefnd til Heklu handverkshóps, dagsett 23/2'05.

3.2 Stjórn Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla - stjórnarfundur 18/2'05, í 3 liðum.

#### **4. Málflutningsskrifstofan ehf. - um hugsanlegan kostnað við rekstur óbyggðamáls fyrir dómsstólum:**

Lagt fram afrit af bréfi frá sveitarstjóra til Málflutningsskrifstofunnar ehf., dagsett 6/1'05.

Lagt fram minnisblað frá Málflutningsskrifstofunni ehf., dagsett 2/2'05, um hugsanlega kostnað við rekstur óbyggðamáls fyrir dómsstólum.

Til kynningar.

#### **5. Uppsetning sparkvalla:**

5.1 Lagt fram bréf frá foreldrafélagi Laugalandsskóla, dagsett 17/2'05, þar sem óskað er eftir að veitt verði fjármagni til uppsetningar sparkvallar á Laugalandi. Lagt fram.

5.2 Tillaga um uppbyggingu sparkvalla á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. mars 2005:

"*Lagt er til að i samvinnu og samráði íþóttu- og æskulýðsnefndar og Umhverfissviðs verði þegar í stað hafinн undirbúningur að gerð þriggja sparkvalla, þ.e. á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ. Þegar liggur fyrir að KSÍ hafi úthlutað gervigrasi fyrir einn sparkvöll á Hellu. Á Hellu er mestur fjöldi barna í göngusæri við slikan sparkvöll og mestar likur á öflugri notkun hans þar.*

*Leitað verði allra leiða til þess að kostnaður við uppsetningu sparkvallar með gervigrasi á Hellu verði í lágmarki. Lagt er til að staðsetning sparkvallar á Hellu verði sem næst skóla- og íþróttastöðu sem fyrir er. Leitað verði ráða hjá aðilum sem sett hafa upp slika velli með tiltölulega litlum kostnaði miðað við kostnaðaráætlunar sem birtar hafa verið.*

*Send hefur verið fyrirspurn til KSÍ um möguleika á gervigrasi fyrir einn sparkvöll til viðbótar vegna mikils áhuga hjá foreldrafélagi Laugalandsskóla fyrir slikum velli. Foreldrafélagið hefur boðist til þess að setja slikan sparkvöll upp gegn því að sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur greidi samtals kr. 2.521.783. Hlutur Rangárþings ytra yrði í því verkefni kr. 1.695.899 ef Ásahreppur fellst á að taka þátt í þessu að sínu leyti. Geti ekki orðið af því að KSÍ leggi til gervigras á sparkvöll á Laugalandi, verði leitað leiða til kaupa á því af hálfu sveitarfélagsins. Verði slik leið niðurstaðan er ekki um að ræða að uppfylla þurfi allar kröfur sem KSÍ gerir til umbúnaðar sliks valla og getur þá hugsanlega orðið um einhvern sparnað á öðrum sviðum að ræða.*

*Samhliða verði valinn staður og undirbúið að byggja upp sparkvöll á yfirstandandi ári á svæði við íþróttahúsið í Þykkvabæ. Kannað verði hvort hliðstæðar forsendur og aðferðir og reiknað er með á Laugalandi geti orðið til í Þykkvabæ.*

*Þegar fyrir liggur áætlun um hver kostnaður verður í heild af framangreindum framkvæmdum, verði lögð fram tillaga í sveitarstjórn um tilsvarandi endurskoðun á fjárhagsáætlun.*

*Sigurbjartur Pálsson, Valtyr Valtysson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson."*

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Veiðifélag Ytri-Rangár - útborgun arðs vegna 2004:**

Lagt fram bréf frá stjórn Veiðifélags Ytri-Rangár, dagsett 1/2'05, vegna útborgunar arðs vegna ársins 2004.

Lögð fram tillaga um að vísa bréfinu til Eignaumsjónar til úrvinnslu.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Fyrirspurnir frá K- og Ó- listum í 4 liðum:**

Lagðar fram fyrirspurnir frá K- og Ó- listum í 4 liðum, mótteknar 15/2'05:

1. Um launamál.
2. Um störf atvinnu- og ferðamálafulltrúa og Töðugjöld 2004 og 2005.
3. Um ráðningu sviðsstjóra stjórnsýslusviðs samkvæmt skipuriti.
4. Um söluferli Fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla.

Lögð fram svör við fyrirspurnum frá sveitarstjóra dagsett 28. febrúar 2005:  
Lokið er svörum við liðum 1 - 3 en viðbótarsvar við 1. lið verður lagt fram á næsta fundi hreppsnefndar.

**8. Tillaga að samþykki um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra:**

Lögð fram tillaga að samþykki um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra, dagsett 2/3'05 - fyrri umræða.

Vísað til síðari umræðu.

**9. Tillaga um könnunarviðræður um hugsanlega sölu á vatnsveitum í eigu sveitarfélagsins og í sameign með Ásahreppi:**

Lögð fram tillaga um könnun á möguleikum varðandi hugsanlega sölu á vatnsveitum í eigu Rangárþings ytra og í sameign með Ásahreppi.

Samþykkt samhljóða.

**10. Töðugjöld:**

- 10.1 Lögð fram skýrsla um Töðugjöld 2004 - til kynningar.
- 10.2 Lögð fram tillaga um skipan nefndar um undirbúning Töðugjalda 2005 og tilnefning fulltrúa Rangárþings ytra.

Lagt er til að atvinnu- og ferðamálanefnd tilnefni fulltrúa Rangárþings ytra í framangreinda undirbúningsnefnd fyrir Töðugjöld 2005.

Samþykkt samhljóða.

**11. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, bjónusta og umsóknir um styrki:**

- 11.1 Stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands 24/2'05 - fundarboð á aðalfund félagsins 16/3'05.

Lögð fram tillaga um að Valtýr Valtysson fari með atkvæðisrétt Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

- 11.2 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 25/2'05 - fundarboð á aðalfund sjóðsins 16/3'05.

Lögð fram tillaga um að Valtýr Valtysson fari með atkvæðisrétt Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

- 11.3 Fornleifastofnun Íslands 7/2'05 - tilboð um skráningu fornleifa í Rangárþingi ytra.

Lagt er til að tilboðinu verði tekið þannig að vinna við verkefnið hefjist árið 2006 og byrjað verði á Rangárvöllum samkvæmt tillögu um vinnu árið 2007.

Sérstaklega verði hugað að fornminjum í landi Merkihvols og Víkingslækjar.

Samþykkt samhljóða.

- 11.4 Ævintýraklúbburinn 24/2'05 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sé ekki fært að verða við umsókninni.

**12. Annað efni til kynningar:**

- 12.1 Neyðarhjálp úr norðri 21/2'05 - þakkarbréf.
- 12.2 RARIK 14/2'05 - um breytingar á gjaldtöku fyrir selda raforku og framsetning orkureikninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.45

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.